



Skorradalshreppur

Fréttatilkynning.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps fundar núna í kvöld. Fyrsta verk fundarins var opnun skoðanakönnunar um vilja íbúa til sameiningar við annað hvort Borgarbyggð eða Hvalfjarðarsveit eða áframhaldandi sjálfstæði.

47 íbúar sem voru á kjörskrá Skorradalshrepps þann 6. febrúar s.l. sem fengu skoðanakönnunina senda í pósti.

Hrefna Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi tók upp könnunina og taldi saman atkvæðin.

39 svör bárust, eða 83% þátttaka.

Niðurstaðan varð eftirfarandi:

Valmöguleikar:	Svör	Hlutfall
Skorradalshreppur tekur upp sameiningarviðræður við Borgarbyggð	15	38,5%
Skorradalshreppur tekur upp sameiningarviðræður við Hvalfjarðarsveit	1	2,6%
Skorradalshreppur stendur áfram sem sjálfstætt sveitarfélag	23	59,0%
Samtals:	39	100,0%

Skorradal, 24. febrúar 2014

Davíð Pétursson, oddviti